


AFSTÖÐUMYND Í MKV. 1:500




SNEIÐING B-B




GRUNNMYND 1 HÆÐAR Í MKV. 1:100

Samþykkt þann
19 DEC 2007
Byggingafulltrúinn Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

## BYGGINGARLÝSING FYRIR EINBÝLISHÚS, HLÍÐARÁS 29 - MHL 01

**Starfsemi:**
Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílgeymslu.

**Lóð og bílastæði:**
Bílastæði á lóð eru þrjú.
Svæði við hús verða hellulögð og graslögð.
Leitast verður við að rask á lóð vegna framkvæmda verði sem minnst og upprunalegur gróður haldi sér.
Aðkoma fyrir sorp-, slökkvi- og sjúkrabíla verður aðgengilegt.
Á palli vestan húss er pottur með læsanlegu loki.

**Gólfplata og sökklar:**
Gólfplata og sökklar eru einangruð með 75 mm steinull.

**Burðarvirki:**
Útveggir eru úr steyptum mótakubbum, gólf- og loftplata eru staðsteypt ásamt berandi innveggjum

**Þak:**
Þak er uppstólað loftræst þak með halla 1:28
Burðarvirki þaks er úr límtré og þaksperrur á milli. Milli þaksperra er sett 200 mm steinullareinangrun.
Loftbil er min. 25 mm milli einangrunar og þakklæðningar. Burðarvirki þaks er klætt með 15 mm rakaþolnum krossvið. Þakið klæðist 2 lögum af helsoðnum þakpappa að viðurkenndri gerð.
Þakkantar, rennur og niðurföll eru úr aluzinkhúðuðu blikki.

**Útveggir:**
Útveggir eru byggðir upp með mótakubbum. með 2 x 50mm einangrun að innan og utan.
Útveggir eru múrhúðaðir að utan og pússaðir að innan .
Gert er ráð fyrir skjólveggjum umhverfis verönd vestan megin við hús.
Útveggir eru málaðir í hvítum lit, klæddir að hluta með viðarklæðningu.

**Útihurðir og gluggar:**
Gluggar og útihurðir og eru úr tré, klæddir með áli í lit RAL 7021.
Aðalinngangur og hurð í bílgeymslu eru viðarklædd.

**Svalir:**
Frágangur á yfirborði svala verður með þeim hætti að vatnhalli verður flotaður.
Á flotið verður vatnsþolnu gúmmíkenndu efni, t.d. Seckoral, penslað á. 2-3 mm þykkt x 2 umferðir.
Á þetta verða síðan lagðar náttúruflísar.
Hæðamismunur frá yfirborði gólfflatar innandyra og svalagólfs eru 4 cm.

**Innveggir og frágangur veggja og lofta:**
Allir léttir veggir eru reistir með blikkstoðum, einangraðir með steinull og klæddir gipsplötum og málaðir.
Veggjaþykkt léttra veggja er 120 mm og þykkt veggja með innbyggðum rennihurðum er 180 mm.
Burðarveggir að innan eru sandspartlaðir og málaðir. Þykkt þeirra er 150 mm.
Staðsteypt loft eru holufyllt, sandspörtluð og máluð.
Einnig eru loft gipsplötuklædd á rafmagnsgrind.

**Gólf:**
Öll gólf eru með gólfhitalögn og ílögn, að undanskildu gólfi í geymslu.
Gólf í anddyri, votrýmum, bílgeymslu og geymslu eru flísalögð.
Gólf í stofu, borðstofu, eldhúsi og göngum eru flísalögð og/eða með parketti.
Gólf í herbergjum og fataherbergi eru parketlögð.
Gólf í votrýmum og bílskúr eru með gólfniðurfalli.

**Upphitun:**
Húsið er upphitað með gólfhitalögn, en gert ráð fyrir að á baðherbergjum, þvottahúsi og í bílgeymslu séu einnig hefðbundnir ofnar.

**Loftræsing:**
Í rýmum án glugga er náttúruleg loftræsing, en auk þess er gert ráð fyrir sérstakri loftræsingu á baðherbergjum og frá þurrkara í þvottaherbergi.

**Lagnaleiðir:**
Inntak vatnsveitu, hitaveitu , rafmagnsveitu og síma eru í bílskúr
Allar neysluvatnslagir verða lagðar sem rör í rör (PVC) undir steypta gólfplötu og uppi steypta útveggi eða milliveggi þar sem það á við.

**Brunavarnir:**
Steypuvirki/burðarvirki verða hönnuð með a.m.k. REI 60 brunamótstöðu.
REI 60 veggur er í stofu þar sem arinn er staðsettur
EICS-30 hurð er innan úr bílskúr.
Í íbúð og bílgeymslu verða staðsett hand- slökkvitæki af viðurkenndri gerð.
Reykskynjarar eru í bílskúr og íbúð -- í eldhúsi, þvottahúsi, herbergjum og göngum.

**Kólnunartölur:**
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka Byggingareglugerðar.
Hámark U-gildi byggingarhluta verður í samræmi við töflu í gr. 180.3 í Byggingareglugerð.

**Helstu stærðir:**

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð skv. samþ. deiliskipulagi: | 702 m2. |
| Brúttóflötur húss - Mhl 01: | 298,6 m2. |
| Nýtingarhlutfall: | 0,43 |

## BRUNATÁKN OG SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| ■■■➔ | Rýmingarleið |
| BO | Björgunarop |
| R | Reykskynjari |
| —REI-60— | Brunahólfun |
| EICS-30 | Eldvarnarkrafa hurða |
| | ATH. -Steypuvirki/burðarvirki verða hönnuð með a.m.k. REI 60 brunamótstöðu. Sjá nánar í byggingarlýsingu. |
| GN | Gólfniðurfall |
| ÞN | Þakniðurfall |
| LR | Loftræst rými |
| RV | Ræstivaskur |
| RV / S | Inntak rafveitu og síma |
| HV / VV | Inntak hitaveitu og vatnsveitu |
| ⊕ | Reiknuð hæð á yfirborði gólfa |
| K: 00,00 | Hæðarkótar |

Breyting A 27.11.2007 uppfylling á jarðhæð verður nýtt sem lagnakjallari.
Breyting B 14.12.2007 uppfylling á jarðhæð verður nýtt sem geymsla f. lagnir.

EINBÝLISHÚS
HLÍÐARÁS 29
Landnr. 207274
Staðgr. 1400-01-38500290

AÐALUPPDRÁTTUR

GRUNNMYND 1HÆÐ
AFSTÖÐUMYND, SNIÐ B-B,
BYGGINGARLÝSING

MKV. 1:500 , 1:100

TEIKNAÐ AF: ÁE, SBJ
ÚTGÁFU DAGS. : 23. 01. 2007 Br. 14.12.2007

0601-02

AS ARK
Ástríður Eggertsdóttir, ARKITEKT
kt: 140368-5479
Ástríður Eggertsdóttir